

búning, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðinu hefir ekki fundizt stæða til að bera þetta mál upp fyrir konungi.

1872.

1. júlí.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um leigumála brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu.

6. júlí.

Um leið og vör til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 15. ápríl þ. á. gefum yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að Alfred G. Lock frá Lundúnum hefir skýrt stjórnarráðinu frá, að hann afsali sér rétt þann, sem honum er heimilaður í 2. grein í leigumála þeim, sem gjörður er milli stjórnarráðsins og hans um brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu, sem er þjóð eign, til þess að ganga frá samningnum innan 31. ágúst m. þ. á., svo að hann nú skoðar sig sem bundinn við samninginn án nokkurs skilyrðis, mæluðst vör til að þér, herra amtmaður, gjöríð ráðstöfun til að tæðir brennisteinsnámarnir verði fengnir Alfred G. Lock samkvæmt 3. gr. smbr. 10 gr., svo fljótt sem verða má, þegar hann beiðist þess, með löglegri skoðunargjörð, og verðið annaðhvort þér að vera þar við fyrir hönd hins opinbera, ef þér eigið hægt með það, eða í öllu falli sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu. Jafnframt og vör sendum yður sitt exemplarið af hverjum af þeim uppdráttum námanna, sem getið er í 3. grein, verðum vör að fá útskrípt af afhendingar-gjörðinni, sem fram fer, þá er námarnir eru fengnir Lock í hendur, þegar að því kemur.

Þessi leigumáli, sem gjörður var 13. ápríl þ. á., er svo látandi :

Eg undirskrifaður Andreas Frederik Krieger, dómsmálaráðherra Hans Hátígnar, konungsins yfir Danmörku, kommandeur dannebrogssorðunnar, dannebrogsmáður og kommandeur af

1872.

6. júlí.

leiðarstjórnunni, sel hérmeð samkvæmt valdi því, sem veitt er dómsmálastjórninni með konungsráðgjafi, 9. marz 1872, Alfred G. Lock frá Lundúnum til leigu brennisteinsnáma þá í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, sem er þjóðeign, með þeim kjörum, sem hér skal sagt.

1.

Leiguliðanum veitist einkaleyfi til að hafa brennisteinstekju í tæðum brennisteinsnámum á þeim tíma, er leigumálinn nær yfir, og eru þeir Reykjahlíðar-, Kröflunámar og fremri námar, en með þessum samningi er honum ekki veittur réttur til að nota lóðir þær, sem liggja kringum námana, og sem ekki eru þjóðeign. Þess skal getið, að þessi leigumáli nær ekki til brennisteinsnáma á kirkjujörðunni Þeistareykjum.

2.

Leigutíminn er 50 ár, talinn frá 1. septbr. 1872 til 31. ágúst 1922, þannig að hvorugur geti sagt samningnum upp. Þó skal mæ, A. G. Lock, frjálst, að ganga frá þessum samningi innan 31. ágúst þ. á., að þeim degi meðtöldum.

Leiguliðinn má selja rétt sinn eftir þessum samningi ásamt þeim kvöðum, sem þar með fylgja, öðrum í hendur, sem eigi með gildum rökum verður mótmælt að sé áreiðanlegir og heiðarlegir menn; samt skal hann þegar skýra dómsmálastjórninni frá því, og þegar hann deyr, gengur þessi réttur til erfingja hans.

3.

Leiguliðanum skal frjálst, hvernig hann hagar brennisteinsnáminu. Samt má eigi þvo brennisteininu í rennanda vatni, er til sjávar flýtur eða í nokkurt fiskivatn, og sömuleiðis er það sjálfsagt, að ekki má eyðileggja brennisteinsnámana; í þessu tilliti skal þess getið, að eigi má, þegar verið er að grafa upp brennistein, traðka mold ofan í hita-katlana, sem táknadír eru með grænum lit á meðfylgjandi uppdráttum, er kennari í steinafræði við Kaupmannahafnar háskóla, J. F. Johnstrup, hefir gjört.

Þegar brennisteinsnámarnir verða fengnir leiguliðanum, skal halda skoðunargjörð, og skal þá farið eftir fyrnefndum uppráttum. Þegar leigumálinn er á enda, skal skila brennisteinsnámunum aptur, og skal þá sömuleiðis skoðunargjörð fram fara.

1872.

6. júlí.

4.

Þar sem eigi munu verða lagðir sèrstaklegir skattar eða álögur á leiguliða og þá erfðismenn, sem hann hefir til þess að starfa að brennisteinsnáminu, landssjóði Íslands eða sveitinni til handa, fram yfir aðra íbúa landsins, og þeir í því tilliti njóta hinna sömu réttinda sem landsmenn, verða þeir á hinn bóginn ekki undanþegnir því, að greiða skatta þá og gjöld, sem hin almennu á hverjum tíma gildandi lög og tilskipanir eru til

5.

Leiguliði er skyldur til að leyfa, að hið opinbera láti hafa eptirlit með brennisteinsnámunum og meðferðinni á þeim, þegar þess þykir við þurfa.

6.

Leiguliði skal borga í leigu á ári 50 £ (fimmtíu pund sterlinga) fyrir fyrsta árið (1. septbr. 1872 til 31. ágúst 1873), 60 £ (sextíu pund fyrir annað árið), 70 £ (sjötíu pund fyrir hið þriðja) 80 £ (áttatíu pund) fyrir hið fjórða, 90 £ (níutíu pund) fyrir fimmta árið, 100 £ (hundrað pund sterlinga) fyrir sjötta árið og hvert af hinum 44 árum, sem þar eptir fara í hönd. Leigan skal goldin dómsmálastjórninni í Kaupmannahöfn fyrir fram tvisvarsinum á ári nefnilega 1. septbr. og 1. marz., í hvort skipti helmingurinn af árs leigunni; skal þannig í fyrsta skipti greiða 25 £ 1. septbr. 1872 fyrir það missiri, sem líður frá tæðum degi til 28. febr. 1873.

Leiguliðinn skal þar að auki, um leið og ritað er undir samning þennan til tryggingar því, að leiga verði goldin samkvæmt því, sem um er samið, og því að farið sè með námana eins og vera ber og þeim skilað aptur óskemmdum, gefa að veði 5,000 rd., sem skal láta til geymslu í privatbábankann í Kaupmannahöfn, þannig að dómsmálastjórninni verði fengið í hendur

1872.

6. júlí.

geymsluskráin, og skal henni heimilt án dóms og laga, og án samþykkis leiguliða að fá fêð útborgað úr bbankanum, en hann má eigi greiða leiguliðanum það eða öðrum án leyfis dómsmálastjórnarinnar.

Ameðan þetta geymsluveð stendur í privatbankanum má tálmunarlaust af hálfu dómsmálastjórnarinnar greiða leiguliðanum eða fulltrúa hans vöxtu af fênu.

Þegar leigumálinn er á enda og búið er að skila námunum aptur óskemmdum, er dómsmálastjórnin skyld til að láta af hendi geymsluskrána við leiguliðann eða aðra, sem að réttu lagi eiga hlut að máli.

7.

Þegar leigan er ekki goldin í tækan tíma, og sömuleiðis ef leiguliðinn skemmir námana, skal hann hafa fyrirgjört rétti sínum eptir þessum samningi, og skal dómsmálastjórnin, þegar svo stendur á, hafa heimild til að láta taka leigumálann af honum. Þar að auki hefir hann fyrirgjört veðfênu, og fellur það til hins íslenzka landssjóðs. Samt má dómsmálastjórnin, ef hann fyrirgjörir leigumálanum að eins sökum þess að leigan verður eigi goldin og leigan alls fyrir þau ár, sem eptir eru af leigutímanum, er minni en geymsluveðið, borga honum aptur það, sem fram yfir er.

8.

Ef leiguliðinn eigi er búinn að taka burtu hús þau, sem hann hefir byggt til nota við námagröftin, vèlar, sem hann hefir sett upp eða annað því um líkt, innan tveggja ára, annað hvort frá því leigutíminn var liðinn, eða þegar svo vill til, sem getið er í 7. gr., frá því, að leigumálinn var tekinn af honum, skal það allt verða opinber eign, án þess að honum verði goldið nokkuð fyrir.

9.

Verði ágreiningur um, hvort leiguliðinn noti svo námana, að þeir eyðileggist, skal skera úr því með gjörð, og skal hvor máls-partur kjósa mann til þess; gjörðarmenn skulu, ef þeir geta eigi

1872.

6. júlí.

orðið á eitt sáttir, sjálfir velja oddamann til úrskurðar. Verði því ekki komið við af einhverri orsök, að málið verði útkljáð með gjörð, er þörtunum heimilt, að láta það ganga til dóms og laga; verði að öðru leyti ágreiningur útaf þessum samningi, skal leggja málið undir úrskurð dómstólanna, og skal í báðum tilfellum hinn konunglegi landsyfrréttur, hirðar og staðarréttur í Kaupmannahöfn vera hið rétta varnarþing málsins; skal leiguliðinn jafnan hafa mann, sem á heimili hær, til þess að taka á móti stefnu og fyrir- kalli með sama fresti og innanbæjarmaður, og rita á samninginn, um leið og skrifað er undir hann, hver sá maður sè. Sömu- leiðis skal leiguliði, ef dómsmálastjórnin vill hafa fram vitnaleiðslu, skoðunargjörð, eða yfirhöfuð að tala höfða mál við dóm í þing- eyjarsýslu, vera skyldur til að hlýða stefnu fyrir þeim dómi, þannig að hún sè birt við námanna og má þar stefna með sama fresti og hann væri innansýslumaður.

10.

Kostnaðinn við samning þenna að því leyti, er snertir stimpl- aðan pappír og þinglýsing, skal leiguliði greiða, og sömuleiðis kostnað þann, sem ris af þeim gjörðum, sem fram fara, er nám- urnar verða fengnar honum eða hann skilar þeim aptur.

Leigumálinn skal vera tvíritaður, og skal annað exem- plarið vera í vörslum dómsmálastjórnarinnar, en hitt fengið í hendur A. G. Lock.

Jeg *Alfred G. Lock* frá Lundúnum geng að þessum samn- ingi með þeim skilmálum, sem nefndir eru að framan.

Við útreikning á verði hins stimplaða pappírs, er gangverðið á pundi sterl. talið 9 rd.

Kaupmannahöfn, 13. dag aprílm. 1872.

Krieger.

Fyrir hönd Alfreds G. Lock.

A. de C. Crowe.

Vitundarvottar:

Ricard. Poulsen.